



*Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands*

## Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Október 2020 (98. fundur)

Birt: 21. október 2020

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við lögina hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 5. og 6. október 2020, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum og kynningu þeirra ákvarðana 7. október.

### I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um ákvarðanir í peningamálum ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlendan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá síðasta fundi nefndarinnar 26. ágúst 2020.

### Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í ágúst hafði gengi krónunnar hækkað um 0,2% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Á sama tímabili hækkaði það um 1,1% gagnvart bresku pundi, lækkaði um 0,3% gagnvart Bandaríkjadal en stóð nokkurn veginn í stað gagnvart evru. Seðlabankinn ákvað að hefja reglubundna sölu gjaldeyris á innlendum gjaldeyrismarkaði hinn 14. september sl. Á milli funda seldi Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 177 m. evra (28,8 ma.kr.), þar af 51 m. evra vegna reglubundinnar gjaldeyrissölu, og nam hlutur Seðlabankans um 48% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans hafði slaknað lítillega frá fundi nefndarinnar í ágúst. Raunvextir bankans voru -1,8% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs eða 0,1 prósentu lægri en rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í ágúst. Miðað við ársverðbólgu voru þeir -2,4% og höfðu lækkað um 0,5 prósentur milli funda.

Vextir á millibankamarkaði með krónur voru nánast óbreyttir milli funda og engin velta var á millibankamarkaðnum á tímabilinu. Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði hækkað um 0,2 prósentur frá ágústfundi nefndarinnar og krafa lengri verðtryggðra ríkisbréfa hafði hækkað um 0,3 prósentur. Meðalvextir húsnæðislána höfðu hins vegar lítið breyst á milli funda.

Skammtíma vaxtamunur miðað við þriggja mánaða millibankavexti var nánast óbreyttur á milli funda og var 2,1 prósentu gagnvart evrusvæðinu en 1,3 prósentu gagnvart Bandaríkjunum. Mismunur langtíma vaxta gagnvart Þýskalandi jókst um 0,4 prósentu á milli funda og var 3,4 prósentu en jókst um 0,3 prósentu gagnvart Bandaríkjunum og var 2,1 prósentu. Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs stóðu nokkurn veginn í stað á milli funda nefndarinnar. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var 0,6% og vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldabréfum var 0,7-0,8 prósentu.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess að peningastefnunefnd héldi vöxtum óbreyttum. Vísuðu þær til þess að þriðja bylgja farsóttarinnar væri skollin á héraendis með áframhaldandi neikvæðum áhrifum á efnahagsþróun en verðbólga hefði aftur á móti aukist umfram væntingar.

Bætt hefur í ársvöxt víðs peningamagns (M3) eftir því sem liðið hefur á árið en hann mældist 13½% í ágúst sé leiðrétt fyrir innlánnum fallinna fjármálafyrirtækja. Hægja tók á útlánvexti lánakerfisins til innlendra aðila eftir því sem leið á síðasta ár en ársvöxturinn hefur verið nokkuð stöðugur í kringum 4-5% það sem af er þessu ári. Í ágúst jukust útlán til heimila um rúmlega 7% milli ára en útlán til atvinnufyrirtækja jukust um tæplega 1%.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI10, lækkaði um 1,3% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 397 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 11% minni velta miðað við árið á undan.

### **Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti**

Samkvæmt spá Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem birt var í september, er gert ráð fyrir 4,5% samdrætti í heimsbúskapnum á þessu ári. Það er 1,5-3,1 prósentu minni samdráttur en stofnunin spáði í júní en eftir sem áður mesti samdráttur heimsframleiðslunnar frá því í seinni heimsstyrjöldinni. Breytinguna frá því í júníspánni má einkum rekja til betri horfa í Kína og Bandaríkjunum en einnig til minni samdráttar í ríkjum Evrópu. Á móti hafa hagvaxtarhorfur versnað í nokkrum nýmarkaðsríkjum og er spáð enn meiri samdrætti á Indlandi, í Argentínu, Mexíkó og Suður-Afríku. OECD spáir 5% heimshagvexti á næsta ári sem er svipaður viðsnúningur efnahagssumsvifa og stofnunin hafði spáð í júní. Óvissa um framvindu í heimsbúskapnum er hins vegar áfram veruleg og háð því hversu langvinnur COVID-19-faraldurinn verður. Hagvöxtur í heiminum gæti orðið allt að 3 prósentum minni á næsta ári að mati stofnunarinnar ef faraldurinn verður langdregnari eða herða þurfi sóttvarnir umfram það sem gert er ráð fyrir í grunnspánni. Hagvöxtur gæti hins vegar einnig orðið um 2 prósentum meiri á næsta ári ef mildari sóttvarnaraðgerðir duga til að ná tókum á faraldrinum eða ef bóluefni gegn farsóttinni eða árangursrík lækningameðferð finnst fyrr en áætlað er.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam 58 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins á föstu gengi. Á sama tíma í fyrra var um 98 ma.kr. halli á föstu gengi. Minni halli nú skýrist einkum af miklum samdrætti verðmætis innflutnings það sem af er ári en einnig hafði útflutningur á flugvélum í janúar í fyrra áhrif á samanburðinn. Án skipa og flugvéla var halli vöruskipta 51 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins en hann var 113 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Samdráttur

innflutningsverðmætis án skipa og flugvéla hefur hjaðnað að undanfögnu í samræmi við væntingar. Á síðustu þremur mánuðum hefur það dregist saman um tæp 20% frá sama tíma í fyrra en samdrátturinn á þann mælikvarða hafði mælst 24% fyrir síðasta fund peningastefnunnefndar. Munar mest um minni samdrátt neysluvara og flutningatækja. Verðmæti útflutnings án skipa og flugvéla dróst saman um 11% milli ára á fyrstu átta mánuðum ársins, einkum á iðnaðarvöru, en til viðbótar dróst útflutningsverðmæti sjávarafurða saman um 10%.

Heimsmarkaðsverð á áli hækkaði lítillega frá fundi peningastefnunnefndar í ágúst sl. en var svipað og það var á sama tíma í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi hækkað um 0,7% milli ára á fyrstu átta mánuðum ársins. Heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu mældist um 43 Bandaríkjadalir á tunnu á fundi peningastefnunnefndar í október sem var um 7% lægra verð en á ágústfundinum. Olíuverð var riflega þriðjungi lægra á októberfundinum en það var í upphafi þessa árs og um fjórðungi lægra en það var í byrjun október í fyrra.

Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag stóð nærri í stað milli mánaða í september og var þá 3,1% undir meðaltali síðasta aldarfjórðungs og um 12,1% lægra en um síðustu áramót. Raugengi á þennan mælikvarða lækkaði um 7,4% á fyrstu níu mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra og má rekja lækkunina til 9,1% lækkunar nafngengis en verðbólga hér á landi var 1,7 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

### **Innlendur þjóðarbúskapur og verðbólga**

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í lok ágúst dróst landsframleiðslan saman um 9,3% á milli ára á öðrum ársfjórðungi. Þjóðarútgjöld minnkuðu um 7,1% þar sem allir undirliðir þeirra, að samneyslu og birgðabreytingum frátöldum, drógust saman. Mikil hreyfing var á utanríkisviðskiptum en bæði inn- og útflutningur minnkuðu verulega. Útflutningur dróst þó heldur meira saman en innflutningur og var framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar því neikvætt og nam það um 2,2 prósentum. Á fyrri hluta ársins var samdráttur landsframleiðslunnar 5,7%. Þjóðarútgjöld minnkuðu um 2,4% en framlag utanríkisviðskipta var neikvætt um 3,3 prósentur.

Samanborið við spána sem birtist í *Peningamálum* í ágúst var samdrátturinn á öðrum ársfjórðungi 1,4 prósentum minni en spáð var. Þróun utanríkisviðskipta og framlag þeirra til hagvaxtar var á heildina litið í takt við spána. Þjóðarútgjöld voru þrautseigari en gert hafði verið ráð fyrir og samdráttur þeirra var 1,4 prósentum minni en áætlað var. Sérstaklega drógust einkaneysla og fjárfesting í íbúðarhúsnæði minna saman en spáð var. Tölur Hagstofunnar sýna að samdráttur var um ½ prósentu minni á fyrri helmingi ársins en spáð var í ágúst. Mestu munar um sterkari einkaneyslu auk þess sem fjárfesting atvinnuveganna var nokkru sterkari en búist var við en það má að miklu leyti rekja til endurskoðunar hennar á fyrsta ársfjórðungi.

Viðskiptajöfnuður var jákvæður um 7 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi sem er lakari niðurstaða en á sama tíma í fyrra þegar afgangurinn mældist 16 ma.kr. Mikil umskipti hafa orðið á undirliðum viðskiptajafnaðar í kjölfar COVID-19-faraldursins. Afgangur þjónustujafnaðar minnkaði um 48 ma.kr. milli ára en á móti vó minni halli vöruviðskipta. Þá var jöfnuður frumpáttatekna að meðtöldum rekstrarframlögum einnig jákvæðari nú en í fyrra. Þróun vöru- og þjónustujafnaðar var í samræmi við ágústspá bankans en jöfnuður frumpáttatekna var töluvert hagfelldari en búist var við og því var afgangur viðskiptajafnaðar nokkru meiri en í ágústspánni.

Eftir mikinn samdrátt einkaneyslu á öðrum ársfjórðungi benda helstu vísbendingar um einkaneyslu til þess að hún hafi verið heldur kröftugri á þriðja fjórðungi. Átti það sérstaklega við um veltu innanlands en ferðalög erlendis voru með allra minnsta móti í sumar. Ljóst var að

eftirspurn heimila beindist einkum að varanlegri neysluvöru í sumar auk þess sem útgjöld til neysluflokka sem liðu fyrir sóttvarnaraðgerðir og breytingar í neyslukörfu heimila í vor jukust töluvert. Greiðslukortavelta heimila í júlí og ágúst var þó á heildina litið minni en hún var á sama tíma í fyrra en þrátt fyrir mikla aukningu í veltu innanlands dugði það ekki til að veða upp mikinn samdrátt í veltu heimila erlendis.

Væntingavísitala Gallup mældist 60,6 stig í september sem er 16,8 stigum hærra en í ágúst en 38,6 stigum lægra en á sama tíma í fyrra. Væntingar neytenda til næstu sex mánaða hækkuðu en mat þeirra á núverandi ástandi lækkaði. Vísitala fyrirhugaðra stórkaupa lækkaði umtalsvert í september en það skýrist af miklum samdrætti í fyrirhuguðum utanlandsferðum neytenda.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að halli ríkissjóðs nemi 8,6% af landsframleiðslu. Við endurmat fjármála- og efnahagsráðuneytisins á afkomu ársins 2020 samanborið við fjárlög fyrir það ár versnar afkoman um 9,1 prósentu af landsframleiðslu. Miðað við afkomu ársins 2019 samkvæmt tölum Hagstofunnar og áætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins fyrir afkomu ársins 2020 versnar afkoman um 8,1 prósentu af landsframleiðslu milli þessara tveggja ára. Fjármála- og efnahagsráðuneytið áætlað jafnframt að óleiðréttur afgangur á frumjöfnuði minnki um allt að 8,2 prósentur af landsframleiðslu milli árána 2019 og 2020.

Samkvæmt niðurstöðum haustkönnunar Gallup sem framkvæmd var í september meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins voru viðhorf fyrirtækja til núverandi efnahagsaðstæðna svipuð og í sumarkönnuninni en töluvert lakari en í haustkönnuninni fyrir ári. Væntingar stjórnenda til næstu sex mánaða eru þó mun neikvæðari en í sumar. Um 85% stjórnenda töldu núverandi aðstæður slæmar og tæp 13% töldu þær hvorki góðar né slæmar. Horft til næstu sex mánaða telja um 43% stjórnenda að aðstæður í efnahagslífinu versni og um 31% að þær verði hvorki betri né verri. Rúmlega fjórðungur stjórnenda telur að aðstæður verði betri eftir sex mánuði eða heldur færri en í sumar. Stjórnendur eru einnig svartsýnni um bæði innlenda og erlenda eftirspurn en í sumarkönnuninni, einkum stjórnendur í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu og verslun. Hafa stjórnendur ekki verið jafn svartsýnir á erlenda eftirspurn frá því að mælingar hófust.

Horfur um afkomu fyrirtækja hafa versnað til muna frá vorkönnuninni en rúmur helmingur stjórnenda telur nú að hagnaður verði minni í ár en í fyrra. Flestir stjórnendur svöruðu því til að framlegð hefði farið minnkandi frá vorkönnuninni og álíka hátt hlutfall taldi að hún myndi áfram minnka næsta hálfu árið. Viðhorf voru neikvæðust í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu, byggingastarfsemi og sjávarútvegi. Að jafnaði vænta stjórnendur í öllum atvinnugreinum minni fjárfestingar í ár en í fyrra og voru væntingar þeirra öllu svartsýnni en í vor.

Samkvæmt árstíðarleiðréttum niðurstöðum haustkönnunarinnar var munur á hlutfalli fyrirtækja sem vildu fjölga starfsfólki og þeirra sem vildu fækka því neikvæður um 24 prósentur. Stjórnendur voru þó heldur minna svartsýnir en þeir voru í sumarkönnuninni þegar munurinn var neikvæður um 32 prósentur. Áfram er útlit fyrir fækkun starfa í öllum atvinnugreinum en þeim gæti fækkað hlutfallslega mest í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu þar sem munurinn var neikvæður um 53 prósentur. Þá nam hann um þriðjungu fyrirtækja í verslun og í fjármála- og tryggingastarfsemi en stjórnendur í ýmissi sérhæfðri þjónustu eru ekki jafn svartsýnir þar sem munurinn var neikvæður um 5 prósentur.

Sé leiðrétt fyrir árstíð töldu 6% stjórnenda vera skort á starfsfólki sem er svipað hlutfall og í sumarkönnuninni og nálægt sögulegu lágmarki. Lítil eða enginn skortur var í byggingastarfsemi, verslun, sjávarútvegi og í fjármála- og tryggingastarfsemi. Stjórnendur sem töldu vera skort á starfsfólki voru hlutfallslega flestir í iðnaði og framleiðslu eða 16%, og fjölgaði þeim um 8

prósentur milli kannana. Þá var tæplega 1 af hverjum 10 stjórnendum í ýmissi sérhæfðri þjónustu og í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu á sömu skoðun.

Um 27% stjórnenda töldu fyrirtæki sitt eiga í vandræðum með að mæta óvæntri eftirspurn, að teknu tilliti til árstíðarsveiflu. Hlutfallið var lítið breytt frá því í sumarkönnuninni og aðeins um 6 prósentum hærra en þegar það fór lægst í kjölfar fjármálakreppunnar. Hlutfallslega töldu flestir stjórnendur í byggingastarfsemi fyrirtæki sitt eiga erfitt með að mæta óvæntri eftirspurn eða 2 af hverjum 5, en heldur færri en 1 af hverjum 5 voru á þeirri skoðun í verslun og í fjármála- og tryggingastarfsemi.

Launavísitalan hækkaði um 0,2% milli mánaða í ágúst og um 6,4% milli ára. Þá voru raunlaun 3,5% hærra í ágúst en á sama tíma árið 2019.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok september, hækkaði um 0,5% milli mánaða sé lítið framhjá árstíðarsveiflu en um 7,8% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 0,9% milli mánaða í ágúst að teknu tilliti til árstíðar en um 5,2% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fjölgaði um 5,1% á fyrstu átta mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum um nýbyggingar fjölgaði um 48,6% á sama tímabili.

Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,39% milli mánaða í september og jókst ársverðbólga í 3,5%. Vísitala neysliverðs án húsnæðis hafði hækkað um 3,9% frá september í fyrra. Undirliggjandi verðbólga mældist 4,1% í september miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða og er því enn nokkru meiri en mæld verðbólga. Skýringuna á því má að hluta rekja til þess að þá er horft framhjá lækkun bensínverðs og áhrifum lægri raunvaxtakostnaðar húsnæðislána. Vaxtaþátturinn í reiknaðri húsaleigu hefur dregið úr verðbólgu undanfarið ár og má ætla að vegna þessa hafi ársverðbólga mælst um 0,8 prósentum lægri en ella.

Áhrif gengislækkunar krónunnar á verð innfluttrar vöru hafa verið töluverð undanfarna mánuði og gætti enn í september. Útsöluáhrif gengu að fullu til baka og rúmlega það, einkum vegna mikillar verðhækkunar húsgagna og raftækja. Hér gætir líklega einnig áhrifa vegna aukinnar eftirspurnar eftir þessum vörum að undanförunu.

Samkvæmt haustkönnunum Gallup hækkuðu verðbólguvæntingar heimila til eins og tveggja ára milli kannana og búast heimili við að verðbólga verði 4% eftir eitt ár og 3,2% eftir tvö ár. Langtímaverðbólguvæntingar þeirra voru hins vegar óbreyttar í 3%. Verðbólguvæntingar fyrirtækja, bæði til skamms og lengri tíma, héldust hins vegar óbreyttar í 3% milli kannana og vænta stjórnendur fyrirtækja að verðbólga verði að meðaltali 2,7% á næstu fimm árum. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til fimm og tíu ára hefur heldur hækkað frá síðasta fundi peningastefnunnar og var um 2,6-2,8% í byrjun október.

## II Ákvarðanir um stjórnþæki bankans í peningamálum

Nefndin fjallaði um stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum, efni nýs rits Seðlabankans um *Fjármálastöðugleika*, stöðu fjármálastofnana og áhættu í fjármálakerfinu. Á fundinn mættu fulltrúar frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu til að kynna fjárlagafrumvarpið og fjármálaáætlunina fyrir nefndinni. Nefndarmenn buðu einnig Ólafi Guðlaugssyni, formanni sóttvarnarráðs, á fundinn til að ræða stöðu mála vegna COVID-19-faraldursins og þróun bóluafna.

Nefndin ræddi taumhald peningastefnunnar í ljósi framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans hefðu lækkað lítilliga frá ágústfundi nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en nefndin ákvað í ágúst að halda vöxtum

bankans óbreyttum. Þá var útlit fyrir að samdrátturinn á þessu ári yrði heldur minni en búist var við í maí og verðbólga hafði aukist nokkuð milli funda svipað og nefndin hafði gert ráð fyrir.

Nefndarmenn fjölluðu um bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga en samkvæmt þeim reyndist hagvöxtur heldur þróttmeiri á fyrri hluta þessa árs en gert var ráð fyrir í ágústhefti *Peningamála*. Hátíðnivísbendingar og kannanir bentu hins vegar til þess að hægt hefði á vexti eftirspurnar í lok sumars. Lítið var til þess að vegna aukinnar útbreiðslu veirunnar að undanfögnu hefðu efnahagshorfur versnað frá því sem gert var ráð fyrir í ágúst. Fram kom á fundinum að neikvæð áhrif af þriðju bylgju farsóttarinnar á eftirspurn væru áhyggjuefni. Nefndin lagði hins vegar áherslu á að óvissan væri mikil og þróun efnahagsmála myndi að töluverðu leyti ráðast af framvindu farsóttarinnar.

Nefndin ræddi verðbólguþróunina en verðbólga jókst milli fjórðunga á þriðja fjórðungi ársins og mældist 3,2% sem var heldur meira en spáð var í ágúst. Nefndarmenn tóku mið af því að áhrifa gengislækkunar krónunnar á verð innfluttrar vöru gætti ennþá en voru sammála um að mikill slaki í þjóðarþúskapnum myndi að óbreyttu leiða til þess að verðbólga hjaðni þegar áhrif gengisveikingarinnar fjari út. Bent var á að aukin eftirspurn eftir tilteknum vörum gæti þó leitt til frekari verðhækkana í þeim vöruflokkum. Nefndarmenn töldu jákvætt að verðbólguvæntingar til meðallangs og langs tíma hefðu lítið breyst þannig að kjölfesta þeirra í verðbólguþróun bankans virtist halda.

Nefndarmenn ræddu stöðuna á gjaldeyrismarkaði. Eins og í ágúst var það mat nefndarmanna að líklega væri raungengi krónunnar lægra en jafnvægisraungengið um þessar mundir. Á meðan svo er væri mikilvægt að Seðlabankinn héldi áfram inngrípum á gjaldeyrismarkaði til mótvægis við veikingu á gengi krónunnar. Auk þess hefði reglubundin sala bankans á gjaldeyri við opnun markaða aukið dýpt markaðarins og bætt verðmyndun. Taldi nefndin að þessar aðgerðir hafi átt þátt í að gengi krónunnar hélst nokkuð stöðugt milli funda.

Nefndin ræddi áætlun bankans um magnbundna íhlutun. Ekki hefur verið ástæða til umfangsmikillar íhlutunar þar sem framboð á ríkisbréfum hefði enn ekki aukist til muna og verðmyndun og virkni markaða verið eðlileg. Nefndarmenn voru sammála um að þótt langtímaávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði hefði þokast upp að undanfögnu væri ekki tilefni til kröftugri viðbragða að sinni.

Allir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að halda meginvöxtum bankans óbreyttum. Fram kom í umræðunni að lægri vextir hefðu stutt við innlenda eftirspurn og að vaxtalækkunirnar hefðu miðlast vel til heimila enda hefði húsnæðismarkaðurinn tekið nokkuð við sér undanfarna mánuði. Nefndin ræddi jafnframt að svo virtist sem útlánagæði nýrra íbúðalána kerfislega mikilvægra banka hefðu batnað að undanfögnu þar sem hlutfall nýrra íbúðalána af ráðstöfunartekjum lántakenda hefði lækkað og veðsetningarhlutföll lækkað. Flestir nýir lántakendur ættu því almennt að hafa ágæta getu til þess að taka á sig hærri greiðslubyrði ef vextir myndu hækka. Einnig kom fram á fundinum að ný lán til fyrirtækja væru í lágmarki enda eftirspurn lítil. Eðlilegt væri að það dragi úr fjárfestingu í kjölfar efnahagsáfalls af þessari stærðargráðu og þegar svona mikil óvissa væri til staðar. Nefndarmenn töldu hins vegar jákvætt að svo virtist sem vaxtaálag á ný fyrirtækjalán hefði náð hámarki og væri farið að lækka.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánnum, yrðu 1%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 0,75%, vextir af lánnum gegn veði til sjö daga 1,75% og daglánvextir 2,75%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Að mati nefndarinnar hefði traustari kjölfesta verðbólguvæntinga gert það kleift að bregðast við versnandi efnahagshorfum með afgerandi hætti. Jafnframt töldu nefndarmenn að lægri

vextir og aðrar aðgerðir bankans sem gripið var til á vormánuðum hefðu stutt við innlenda eftirspurn. Nefndin var sammála um að áhrif þeirra ættu þó eftir að koma fram að fullu og myndu þær áfram styðja við þjóðarbúskapinn og stuðla að því að efnahagsbatinn yrði hraðari en ella.

Fram kom á fundinum að peningastefnunefnd myndi áfram fylgjast grannt með framvindu efnahagsmála og nota þau tæki sem nefndin hefði yfir að ráða til að styðja við þjóðarbúskapinn og tryggja að lausara taumhald peningastefnunnar miðlist með eðlilegum hætti til heimila og fyrirtækja.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, dósent, utanaðkomandi nefndarmaður

Aðalhogfræðingur sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Á. Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 18. nóvember 2020.